

Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti

Snæfellsnes einkennist af náttúrufegurð og fjölbreytni, með Snæfellsjökul sem helsta kennileiti. Á Snæfellsnesi búa um 4.000 manns. Byggðin er dreifð og helstu atvinnuvegirnir útgerð, fiskvinnsla, menntun, ferðaþjónusta, landbúnaður, verslun og þjónusta.

Snæfellsnes hefur tekið forystu í starfinu í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur, svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til, svo og af siðareglum Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO).

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar.

Sveitarfélögin hafa einsett sér að:

- Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið.
- Láta vinnuafl, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi halda uppi samskiptum við alla hagsmunaaðila til að tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Skilvirk miðlun upplýsinga í formi ársskýrslu er liður í þessum samskiptum, svo og opið samráð við alla hagsmunaaðila varðandi starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun, í samræmi við samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio De Janeiro árið 1992 og loftslagsráðstefnuna í París 2015.

Þessi stefna hefur verið formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og kynnt íbúum.

Samþykkt f.h. sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, 10. febrúar 2016,